Stúlkan mín

Texti: Jónas Árnason

Lag: Jón Múli Árnason

Stúlkan mín er mætust
meyja og kvenna.
Sveinar ástaraugum
á eftir henni renna.
Og þeir allir saman
á öndinni standa
yfir því hvert afbragð
hún er til munns og handa.
Dável samansett hún er,
silkimjúk og nett hún er.
Lipur grönn og létt hún er,
laus við svik og pretti' hún er.
Kátur kvölds og morgna
kyssi ég hana.
Mig hún einnig ætíð
mun elska' af gömlum vana.

Höfundaskráning: https://skifan.is/FrekariUppl.asp?fmID=TD17

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.